



Kátt í höllinni Þessir myndarlegu vinir tóku þátt í alþjóðlegri hundasýningu Hundaræktarfélags Íslands í Reiðhöllinni í Viðidal í gær. Tvi- og ferfætlingar af öllum stærðum og gerðum mættu og sýndu það besta sem í þeim býr. Fréttablaðið/AntonBrink

## Börn til landsins á fölsuðum gögnum

Dæmi eru um að börn séu flutt til landsins á grundvelli rangra upplýsinga, til dæmis rangra forsjárgagna eða fæðingarvottorða.

**SAMFÉLAG** Hjá Útlendingastofnun hefur vaknað grunur um að börn séu flutt hingað til lands á fölskum forsendum.

Þorsteinn Gunnarsson, lögfræðingur hjá stofnuninni, segir það hafa verið staðfest að börn hafi verið flutt til landsins á grundvelli rangra upplýsinga. Til dæmis rangra forsjárgagna eða fæðingarvottorða. Þá segir hann

að það hafi komið upp mál þar sem ljóst sé að gripið hefur verið til þessara ráða til að bjarga börnum úr erfiðum aðstæðum. „Ekki er alltaf grunur um misnotkun eða nýtingu á börnunum. Það hafa komið upp mál þar sem aðstæður eru þannig að frekar sé verið að hjálpa börnunum eða verið sé að reyna að komast fram hjá reglum um ættleiðingar,“ segir Þorsteinn.

Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðstoðarlögglustjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir lögregluna hafa rannsakað mánal þar sem grunuð fórnarlömb voru undir lögdri. Alda nefnir að fórnarlamb í mánalsmáli frá árinu 2009 hafi aðeins verið sautján ára að aldri þegar það kom fyrst til landsins.

„Að öðru leyti hefur ekki verið hald-

in nein tölfærði í málaflökknum utan þessa árs og því erfið að festa hendur á fjölda. En já, það er grunur um þetta, bæði varðandi hagnýtingu í vændi og eins vinnumansal.“

Í skýrslu bandaríska utanríkisráðuneytisins um mánal eru íslensk stjórnvöld gagnrýnd fyrir lítinn stuðning við málaflökkinn.

– kbg, vh / sjá síðu 6

●● Það er grunur um þetta, bæði varðandi hagnýtingu í vændi og eins vinnumansal.

Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðstoðarlögglustjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

## Dagur þiggur ráð frá borgarstjóra Kaupmannahafnar um sniðgöngu

**STJÓRN MÁL** „Viðbrögð við samþykkt borgarinnar voru meiri en þegar Íslands lýsti yfir stuðningi við sjálfstæða Palestínu, sem varð heimsfrétt,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sem hefur viðurkennt mistök í samþykkt borgarinnar um sniðgöngu á ísraelskum vörum.

Kaupmannahafnarborg ákvað að sniðganga vörur frá hernumtum svæðum fyrir í sumar og þar hefur ákvörðunin ekki dregið jafn mikinn dilk á eftir sér.

Dagur hefur verið í símasambandi við borgarstjórnann í Kaupmannana



höfn, Frank Jensen, og þegið af honum ráð.

„Það var áréttað af honum í fjölmiðlum og á fundum með ísraelska sendiherranum til hvers sniðgöngubannið náði til, aðeins til hernumtina svæða. Við í borginni munum líka vera í samráði við utanríkisráðuneytið,“ bætir Dagur við.

„Ég hef viðurkennt að undirbúningi hafi verið áfátt og tek ábyrgð á því með tillögu um að fyrri samþykkt höfn, Frank Jensen, og þegið af honum ráð.“

●● Ég hef viðurkennt að undirbúningi hafi verið áfátt og tek ábyrgð á því með tillögu um að fyrri samþykkt verði dregin til baka. Ekki verða tekin frekari skref fyrir en eftir nauðsynlegt samráð.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

verði dregin til baka. Ekki verða tekin frekari skref fyrir en eftir nauðsynlegt samráð,“ segir Dagur, en hugmyndir að bættri útfærslu tillögunnar eru ekki á dagskrá. – kbg / sjá síðu 8

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðmundur Andri skrifar um íslenska tungu í daglegu lífi. 10-11



**SPORT** FH-ingar þurfa að biða með að fagna titlinum. 12-13

**TÍMAMÓT** Evrópsk hreyfivika hefst í dag. 14

**LÍFID** Á er síðan átakanu HeforShe var hrint af stað. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK**  
• FASTEIGNIR


\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

**Vertu eins og heima hjá þér**  
Full búð af nýjum vörum.

**HÚSGAGNA HÖLLIN**



## Veður



Búist er við hægum vindi á landinu. Sunnanlands verða lítilsháttar skúrir, en í öðrum landshlutum verður þurr og bjart. Hiti 8 til 13 stig. **SJÁ SIÐU 16**

## Tvö banaslys á Íslandi um helgina

**SLYS** Tvö banaslys urðu á landinu um helgina. Eitt í Reykjavík og annað við vestanverðan Svínafellsjökul. Tíldrög beggja slysa eru í rannsókn hjá lögreglu.

Erlendur ferðamaður lést er hann féll fram af klettum vestan í Svínafellsjökli í gær rétt eftir hádegi. Samkvæmt tilkynningu lögreglunnar á Suðurlandi kemur fram að maðurinn hafi verið hluti af hóp sem var á ferð um landið. Hópurinn fékk viðeigandi áfallahjálp í kjölfar slyssins.

Þá lést ungur maður þegar hann ók aftan á kyrrstæðan flutningabíl á Suðurlandsvegi við Geitháls, rétt austan við Rauðhóla, á laugardaginn. Flutningabíllinn kyrrstæði var mannlus og slasaðist enginn annar við árekstur bílanna tveggja. Eldur kom upp í bifreið unga mannsins og urðu miklar tafir á umferðinni á meðan eldurinn var slökktur. – þea

## Messaði yfir Kúbumönnum



**Páfinn er vinsæll** Frans páfi veifar til kúbverskra kapólikka á Byltingartorginu í Havana, höfuðborg Kúbu, þar sem hann predikaði. Gærdagurinn var sá fyrsti í fjögurra daga heimsókn hans til landsins en næst heldur hann til Bandaríkjana. Fréttablaðið/EPA

## Indverskar áhrifakonur fá innblástur á Íslandi

**JAFNRÉTTISMÁL** „Þær eru að koma hingað til að efla sín viðskiptatengsl fyrst og fremst, læra og skoða markaði, framþróun og skiptast á upplýsingum við íslenskar konur í atvinnurekstri,“ segir Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnurekstri, um hóp áhrifamikilla indverskra kvenna, FÍCCI-FLO, sem væntanlegur er til landsins þann 29. september næstkomandi.

Þetta er í fyrsta skipti sem félagið fær heimsókn frá indverskum kynsystur sínum.

„Þær eru mjög heillaðar af stöðu jafnréttis á Íslandi og finnst við hafa náð langt, sem er rétt, þó alltaf megi gera betur,“ bendir Hulda á.

Hulda segir indverska hópinn einblína mikið til á líftækni, heilsutengda framleiðslu, tækni- og leikjageirann, í bland við jafnréttismál, svo félagið mun bjóða þeim upp á sérsniðna dagskrá þar sem félagskonur verði í broddi fylkingar. Hún segir mikla upphefð fölgna í að fá hópinn til landsins en

„Þær eru mjög heillaðar af stöðu jafnréttis á Íslandi og finnst við hafa náð langt, sem er rétt, þó alltaf megi gera betur.“

Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri FKA



þegar hefur félagið tekið á móti kynsystur frá Bandaríkjunum, Eistlandi og Noregi svo dæmi séu tekin.

„Þessir hópar koma hingað til að leita sér að fjárfestingartækifærum, innblæstri og hugmyndum, og síðast en ekki síst forvitnast um jafnréttismálin.“ – ga

## Hundruð mótmæla skipulagstillögu Hafnarfjarðarbæjar

Deiliskipulagstillaga um að breyta einbýlishúsalóð í Hafnarfirði í þrettán íbúða raðhús mætir mikilli andstöðu nággranna. Umhverfisstofnun óttast jarðrask við friðlýstan fólkvang. Bæjarfulltrúi segir skritið að tillagan sé keyrð í gegn.

**HAFNARFJÖRÐUR** Umdeild deiliskipulagstillaga um breytingu á einbýlishúsalóð við Stekkjarberg í Hafnarfirði var send aftur til skipulagsnefndar bæjarins vegna formgalla. Skipulagsnefnd hafði áður samþykkt að láta byggja 13 íbúðir á einni einbýlishúsalóð á rótgrónum stað í hverfinu. Einbýlishúsalóðin stendur við friðlýstan fólkvang og hafa jarðvegsframkvæmdir á lóðinni skaðað friðlýsta svæðið að mati lögreglufræðings nággranna. Umhverfisstofnun og nággrannar hafa lagst hart gegn breytingunni á einni lóð umfram aðra á svæðinu.

Einbýlishúsalóðin er í eigu Ágústs Más Ármanns, fyrrverandi stjórnarmanns í BYR Sparisjóði. Hann keypti lóðina af syni sínum, fjárfestinum Magnúsi Ármann, sem hafði í hyggju að byggja sér eitt þúsund fermetra einbýlishús á lóðinni stóru fyrir um tíu árum.

Ágúst Már lét arkitekta teikna fyrir sig breytt skipulag á lóðinni, tvær byggingar með um 13 íbúðum. Tillagan gengur út á tólföldun á nýtingarhlutfalli lóðarinnar frá því sem nú er. Við þetta sættu nággrannar sig ekki og furðuðu sig á því að skipulagsnefnd skyldi fara með málið áfram og samþykka það fyrir bæjarstjórn. Á annað hundrað bæjarbúa skrifuðu undir mótmæli gegn fyrirhugaðri breytingu sem myndi þýða stórfelldar breytingar á svæðinu.

Einar Gautur Steingrímsson, lögmaður íbúanna beggja vegna lóðarinnar, segir málið lykta af gamaldags spillingu. Þarna sé um friðlýstan fólkvang að ræða og þessi gerningur sé til þess fallinn að eyðileggja það svæði með öllu. „Umhverfisstofnun hefur



Mikið jarðrask hefur átt sér stað á lóðinni við Stekkjarberg 9. Umhverfisstofnun bendir á að hraunmyndanir og mýrar hafi verið friðlýstar 2009. Fréttablaðið/GVA

gefið það út að það þyrfti að skoða mögulega nýbyggingu á svæðinu mun betur. Einnig finnst umbjóðendum mínum, einbýlishúsaeygendum við götuna, það skjóta skökku við að aðeins ein lóð sé tekin fyrir og deiliskipulögð nákvæmlega eftir höfði eiganda lóðarinnar. Verið er að farna hagsmunum almennings fyrir einstaklingshagsmuni, algjörlega að óþörfu,“ segir Einar Gautur. Ljóst má vera að söluandvirði þrettán nýrra íbúða á þessu svæði hleypur samantlagt á mörg hundruð milljónum króna.

Adda María Jóhannsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, telur eðlilegt að skoða málið í víðara samhengi áður en farið er í að skipuleggja eina lóð. „Lóðin liggur við friðlýstan fólk-

Verið er að farna hagsmunum almennings fyrir einstaklingshagsmuni, algjörlega að óþörfu.

Einar Gautur Steingrímsson, lögmaður nággranna.



vang á svæðinu og á meðan hópur er að störfum innan bæjarfélagsins um þéttingu byggðar er skritið að þessi deiliskipulagstillaga sé keyrð í gegn,“ segir Adda María. sveinn@frettabladid.is

# UP! MEÐ GÆÐIN



VW Up! frá aðeins: **1.790.000 kr.**







7 ára ábyrgð á öllum  
nújum Kia bílum

www.kia.com

# Fullbúinn Fullorðins Fullkominn Kia Sorento



SORENTO



The Power to Surprise

## Komdu og upplifðu glæsilegan Kia Sorento

Við kynnum 3. kynslóð Sorento. Glæsileiki að utan jafnt sem innan og ekkert er til sparað í efnisvali. Bíllinn er betur búinn en áður og státar m.a. af 200 hestafla sparneytinni dísilvél, sex þrepa sjálfskiptingu, íslensku leiðsögukerfi og bakkmyndavél. Kia Sorento fylgir 7 ára ábyrgð.

**Kia Sorento bíður þín í Öskju. Komdu og prófaðu.**

Verð frá **7.790.777 kr.**

Kia Sorento Classic 2,2 — dísil



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.  
facebook.com/kiamotorsisland



# Fiorina rís en fylgi Trump og Walker fellur í nýrri skoðanakönnun

**BANDARÍKIN** Fylgi Donalds Trump fellur úr 32 prósentum niður í 24 prósent og fylgi Carly Fiorina fimmfaldast, úr þremur prósentum og upp í fimmfán. Þetta kemur fram í nýrri könnun fréttastofu CNN sem greint var frá í gær.

Miklar breytingar urðu á fylgi repúblikana sem sækjast eftir útnefningu flokksins til forsetaframbóðs á næsta ári í kjölfar kappreiðna á miðvikudag.

» Fylgi Scotts Walker hefur fallið niður í 0%



Trump kom einna verst út samkvæmt skoðanakönnun CNN en ef fylgistölnurnar eru skoðaðar er Fiorina ótvíráður sigurvegari.

Skoðanakönnun CNN er áhyggjuefni fyrir fleiri frambjóðendum en Trump. Þrátt fyrir að hafa virst sigurstranglegastur fyrir nokkrum vikum og hundrad milljóna Bandaríkjadala kosningasjóð – stærri en kosningasjóður nokkurs annars af frambjóð-

endum – hefur Jeb Bush nú mistekist í tvingang að nýta sér kappreiður til að komast aftur í toppbaráttuna.

Scott Walker fær einnig skell í könnuninni og missir fylgi sitt. Nú mælist hann undir hálfu prósentu en í sumar var hann meðal efstu manna. Walker hefur hrapað úr tæplega tuttugu prósentum og niður á botn. Þá leiddi hann einnig lengi vel í Iowa en það ríki kys frambjóðanda fyrst allra. - þea

	9. sept.	20. sept.
Donald Trump	32%	24%
Carly Fiorina	3%	15%
Ben Carson	14%	19%
Marco Rubio	3%	11%
Jeb Bush	9%	9%
Ted Cruz	7%	6%
Mike Huckabee	5%	6%
Rand Paul	3%	4%
Chris Christie	2%	3%
John Kasich	2%	2%
Scott Walker	5%	0%

## 27 þúsund flóttamenn á síðustu dögum

**KRÓATÍA** Lögregluvörðöld í Króatíu sögðu í gær að um 27.000 flóttamenn hefðu komið til landsins frá því á miðvikudag. Straumur flóttamanna beindist til Króatíu eftir að Ungverjar lokuðu landamærum sínum við Serbíu með gaddavirgirdingu.

Ranko Ostojic, innanríkisráðgjafi Króatíu, bað flóttamenn um að hætta að reyna að komast til Vestur-Evrópu í gegn um Króatíu síðastliðinn föstudag en þá höfðu um tíu þúsund flóttamenn komið til landsins á einungis tveimur dögum. Frá því ummælin féllu hafa Króatar farið að beina flóttamönnum aftur til Ungverjalands en markmið flóttamanna er að komast til Slóveníu, sem er hluti af Schengen, og þaðan til vesturs þar sem landamærin eru opin. - þea



Bernie Sanders hefur sótt í sig veðrið. Nordiphotos/AFP

## 126 fræg styðja Bernie Sanders

**BANDARÍKIN** Will Ferrell, Sarah Silverman, Hans Zimmer og Steve Wozniak eru á meðal 126 bandarískra stórstjarna sem skrifuðu undir stuðningsfirlýsingu við forsetaframbjóðandann Bernie Sanders í gær.

„Við undirrituð, listamenn, tónlistarmenn og menningarleiðtogar Bandaríkjanna, erum tilbúin til að styðja nýja sýn fyrir landið okkar,“ segir í yfirlýsingunni, sem er áhuga-verð, ekki sist fyrir þær sakir að enginn þingmaður eða ríkisstjóri úr röðum demókrata hefur lýst yfir stuðningi við Sanders. Sanders sækist eftir útnefningu demókrata til forsetaframbóðs og saxar nú hratt á forskot Hillary Clinton. - þea



Það borgar sig að fara með gát í úfnu hrauninu. Mynd/Hörður Jónasson

# Einn stærsti heiti pottur í heimi

Risavaxinn pottur í Holuhrauni dregur að sér ferðamenn sem vilja baða sig í heitu jökulvatninu sem rennur undan hraunjaðrinum. Þeir þurfa þó að varast hitasveiflur í vatninu sem hefur farið upp í 50 gráður.

**NÁTTÚRA** „Heiti potturinn hlýtur að vera sá stærsti í heiminum, segir Hörður Jónasson ökuleiðsögumaður um nýja baðstaðinn í Holuhrauni.

Hörður var á ferð í Holuhrauni um síðustu helgi og tók þá meðfylgjandi myndir á hinum nýja áfangastað sem jafnt innlendir sem erlendir ferðamenn stefna nú á.

„Þetta er einstakur baðstaður á heimsvísu,“ segir Hörður. „Heitt jökulvatn úr suðurenda Holuhrauns, bræðsluvatn frá Dyngjújökli rennur norður, undir og í gegnum hraunið og kemur undan því í norðurendanum. Þetta er mikið magn af vatni, um 35 til 40 gráðu heitu.“

Í hraunjaðrinum er skál sem Hörður telur vera um 400 til 500 fer-

metra og því líkast til stærsti heiti pottur í heimi sem fyrr segir. „Úr skálinni rennur svo heitt vatn út og myndar ána sem er um 40 sentimetrar djúp. Notalegur straumurinn í ánni virkar sem nuddpottur,“ lýsir Hörður.

En það er ýmislegt að varast. Nýja hraunið er geysi oddhvasst. „Það er nauðsynlegt að hafa tvenna skó meðferðis því það þarf vaðskó í ánni og þó aðallega í heita pottinum sem er inni í hrauninu,“ segir Hörður.

Þá getur sjálft vatnið verið varhugavert. „Hitastig hefur verið sveiflukennt, hefur farið í 50 gráður,“ segir í aðvörunarskilti frá Vatnajökulsþjóðgarði.

gar@frettabladid.is



Nýjasti baðstaður landsins er jafnframt einn sá áhugaverðasti. Mynd/Hörður Jónasson

# 85

ferkílómetrar af hrauni stóðu eftir gosið sem stóð í Holuhrauni frá 31. ágúst 2014 til 28. febrúar 2015.



## Hollusta Heimilisins



há gæða vítamín

## Þriðji kosningasigur Tsipras á árinu

**GRIKKLAND** Vinstriflokkurinn Syriza, flokkur Alexis Tsipras, mældist með 35 prósent atkvæða í þingkosningum á Grikklandi þegar um helmingur atkvæða var talinn í gærkvöldi og hafði Vangelis Meimarakis, leiðtogi stjórnarandstöðuflokksins Nýs lýðræðis, lýst yfir ósigri snemma í gærkvöld. Samkvæmt tölunum heldur samsteypustjórn Syriza og Sjálfstæðra Grikkja með um 155 sæti af 300.

Mjótt var á munum milli Syriza og Nýs lýðræðis í skoðanakönnunum undanfarna daga en þegar helmingur atkvæða var talinn mældist Nýtt lýðræði með 28 prósent atkvæða. Ófgaþjóðernishyggjuflokkurinn Gullin dögum mældist þriðji stærstur með um sjö prósent atkvæða. Þá náði Sameiningarflokkur alþýðunnar, klofningsframboð úr Syriza, ekki manni inn á þing.

Tsipras skrifaði alvörugefin skilaboð til stuðningsmanna sinna á Twitter-síðu sinni. „Fram undan liggur vegur vinnu og erfiðleika,“ skrifaði hann.

Tsipras boðaði til kosninganna í kjölfar uppreisnar samflokksmanna hans sem stofnuðu Sameiningarflokk alþýðunnar, en kosningarnar í gær eru þriðji kosningasigur Tsipras á árinu. Flokkur hans var ótvíráður sigurvegari þingkosninganna í janúar og þá kusu Grikkir gegn skilmálum lánardrottna Grikkja fyrir nýrri neyðarástöð í júlí eins og Tsipras mælti með. Þó samþykkti Tsipras að lokum svipaða skilmála og neitað hafði verið.

Kosningarnar eru þær þriðju í röð þar sem tveir stærstu flokkar landsins í sögulegu samhengi, Nýtt lýðræði og Pasok, ná ekki meirihluta. En áður hafði samantlagt fylgi flokkanna rokkað á milli 77 og 87 prósentu. - þea



Alexis Tsipras





Innovation  
that excites

# NISSAN PULSAR EINN BEST ÚTBÚNI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI



VETRARDEKK FYLGJA ÖLLUM  
NÝJUM NISSAN PULSAR Í  
TAKMARKAÐAN TÍMA

**NISSAN PULSAR**  
ACENTA DÍSIL / EYÐSLA 3,6 L/100 KM\*

**3.590.000 KR.**

**STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN PULSAR ASENTA ER MEÐAL ANNARS:**

LED dagljósabúnaður, NissanConnect upplýsingakerfi með 7" snertiskjá, íslensku leiðsögukerfi og samþættingu við snjallsíma fyrir Facebook og Google leit, Bluetooth handfrjáls síma- og hljómtækjabúnaður, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, bakkmyndavél, aðalljós með birtuskynjun, upplýsingatölva með 5" litaskjá, sjálfvirkur regnskynjari á rúðupurrkum, tvískipt sjálfvirk loftkæling, 16" álfelgur, lykillaust aðgengi og ræsing.

**REKSTRARLEIGA  
Á SÉRKJÖRUM**

Þjódum nokkra bíla á lækkuðum rekstrarleigukjörum.  
Innifalin í leigu eru tryggingar, dekk  
og reglubundið þjónustuefirtlit.

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum Nissan.

**OPIÐ FRÁ KL. 12–16**

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





# Vitað um börn og ungmenni sem eru flutt til landsins á fölskum forsendum

Þess eru dæmi að börn eru flutt til landsins á fölsuðum gögnum. Í skýrslu bandaríska utanríkisráðuneytisins um mansal eru íslensk stjórnvöld gagnrýnd vegna þess að hér á landi er engin sérhæfð þjónusta fyrir börn sem grunur leikur á að séu fórnarlömb mansals.

Viktoría  
Hermannsdóttir  
VIKTORIA@FRETTABLAÐIÐ.IS  
Kristjana Björg  
Guðbrandsdóttir  
KRISTJANABJORG@FRETTABLAÐIÐ.IS



**SAKAMÁL** Hjá Útlendingastofnun hefur vaknað grunur um að börn séu flutt hingað til lands á fölskum forsendum. Eða að þeir aðilar sem börnum er ætlað að búa hjá hafi ekki yfir þeim lögformlega forsjá.

Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðstoðarlögreglustjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir lögregluna hafa rannsakað mansal þar sem grunur fórnarlömb voru undir lögdri.

Alda nefnir að fórnarlamb í mansalsmáli frá árinu 2009 hafi aðeins verið sautján ára gömul þegar hún kom fyrst til landsins. „Að öðru leyti hefur ekki verið haldin nein tölfraði í málaflöknum utan þessa árs og því erfið að festa hendur á fjölda. En já, það er grunur um þetta, bæði varðandi hagnýtingu í vændi og eins vinnumansal.“

Í skýrslu bandaríska utanríkisráðuneytisins um mansal sem kom út í júlí eru íslensk stjórnvöld gagnrýnd fyrir lítinn stuðning við málaflökinn. Tekið er fram í skýrslunni að hér á landi skorti þjálfun til þess að greina mansal í hópi vegalausra barna og hælisleitenda. Þá skorti sérhæfða þjónustu til barna og karla sem eru grunuð fórnarlömb mansals.

**Fólk getur hafnað DNA-greiningu**  
Þorsteinn Gunnarsson hjá Útlendingastofnun segir lögreglu og barnaverndaryfirvöldum gert viðvart þegar grunur vaknar um að vegalaus börn séu flutt til landsins án fjölskyldutengsla. Stofnunin sjálf getur kallað fólk í viðtal og óskað eftir rannsóknnum á erfðaeftni til að sýna fram



Svokölluð leikfangaganga sem farin er í Gvatemala árlega vegna týndra barna. Foreldrar og aðstandendur krefjast aðgerða gegn mannránum og mansali barna.

Fréttablaðið/EPA

á skyldleika. Fólk er hins vegar ekki skylt að gangast undir slík próf og getur hafnað slíkri beiðni. Í þeim tilfellum þarf lögregla að fylgja eftir óskum um DNA-greiningu.

„Útlendingastofnun hefur haft samband við lögreglu og barnaverndaryfirvöld þegar stofnunina grunur að aðstæður barns séu ekki eins og framlögð gögn bera með sér. Jafnframt þegar börn eru vegalaus, þ.e. án forsjáradila. Útlendingastofnun

hefur jafnframt kallað fólk í viðtöl og óskað eftir rannsóknum á erfðaeftni til að sýna fram á skyldleika.“

## Röngum gögnum framvísað til að hjálpa börnum

Þorsteinn segir ekki hafa verið staðfest í neinu máli að börn hafi verið flutt til landsins til nýtingar af einhverju tagi. Hins vegar hafi verið staðfest að börn hafi verið flutt til landsins á grundvelli rangra upplýsinga. Til dæmis rangra forsjárgagna eða fæðingavottorða. Þá segir hann að það hafi komið upp mál þar sem ljóst sé að gripið hefur verið til þessara ráða til að bjarga börnum úr erfiðum aðstæðum.

„Ekki er alltaf grunur um misnotkun eða nýtingu á börnunum. Það hafa komið upp mál þar sem aðstæður eru þannig að frekar sé verið að hjálpa börnunum eða verið sé að reyna að komast fram hjá reglum um ættleiðingar. Útlendingastofnun leggur alltaf áherslu á að fullnægjandi gögn þurfa að vera til staðar í öllum málum og sérstaklega í málum barna. Ekki er öruggt að þeir sem hafa lögformlega forsjá yfir barni erlendis hafi gefið samþykki sitt þó að barn dveljist hjá ættingjum hér á landi. Því er afar mikilvægt að fullnægjandi gögn séu alltaf lögð fram í málum barna og að vandað sé til yfirferðar umsókna.“

## Mögulegar ástæður þess að börnum er smyglað til landsins

Örþrifað til þess að koma börnum úr erfiðum aðstæðum í heimalandinu  
Ólögleg ættleiðing  
Til þess að selja þau í vændi  
Til þess að nýta þau í vinnu  
Til hagnýtingar í aðrar tegundir mansals; peningapvætti og fíkniefnainnflutning

\*heimild Unicef: Understanding the causes of child trafficking as a precondition for prevention

Það hafa komið upp mál þar sem aðstæður eru þannig að frekar sé verið að hjálpa börnunum eða verið sé að reyna að komast fram hjá reglum um ættleiðingar.

Þorsteinn Gunnarsson hjá Útlendingastofnun



svo unnt sé að veita börnum í þessari stöðu dvalarleyfi á meðan verið er að vinna í málum þeirra hjá stjórnvöldum.“

**Skortur á fræðslu og þjálfun**  
Þorsteinn segir hingað til hafi skort viðunandi fræðslu og þjálfun í málaflöknum. Það helgist fyrst og fremst af fjárskorti. „Fræðsla sem fræðsluhópur á vegum innanríkisráðuneytisins hefur sinnt síðustu mánuði hefur þó skilað gríðarlegum árangri og er ljóst að sú mikla vitundarvakning er að stærstum hluta að þakka þeim einstaklingum sem þar fara fremstir í flokki.“

ISLENSKA ÓPERAN

*Kunstþása*

HÁDEGISTÓNLEIKAR  
- LUNCHTIME OPERA CONCERTS -

22. september

- RAKARINN -  
FRÁ SEVILLA



- Oddur Jónsson  
- Gissur Páll Gissurarson  
- Sigríður Kristjánsdóttir  
- Guðrún Ólafsdóttir  
- Antonia Hevesi píanó

Þriðjudaga kl. 12.15 í Norðurljósasal - Hörpu.  
Frítt inn á þessa fyrstu tónleika.

## Hvað ef þetta væri einhver þér nákominn?

John Kerry kynnti nýja skýrslu um mansal í heiminum þann 27. júlí sl. Við það tækifæri minnti hann á að baráttan gegn mansali sé gríðarleg áskorun sem allir þurfi að taka þátt í. „Hvað ef mansalsfórnarlömb væri einhver sem við þekktum? Hvað ef það væri nágranni okkar, eða verra eins og í martröð, sonur eða dóttir eða einhver nákominn?“

Í skýrslunni eru gerðar athugasemdir við framkvæmd aðgerðaáætlunar íslenskra stjórnvalda. Bæta þurfi eftirlit á vinnustöðum, þekkingu saksóknara og dómara á mansali og efla löggæslu. Þá er sérstaklega tekið fram að það skorti úrræði fyrir fórnarlömb mansals á barnsaldri og þekkingu til þess að bera kennsl á þau.





**50**  
FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI  
**TOYOTA**  
MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR



**TOYOTA**

ALWAYS A  
BETTER WAY

# RAV4

## STORMANDI LUKKA

### ÆVINTÝRIÐ BÍÐUR



Verð frá 5.210.000 kr.

**RAV4** með ævintýrlegum aukahlutapakka að verðmæti ríflega **560.000 kr.** og að auki þrefaldir Vildarpunktur Icelandair.\*



Aurhlífasett að framan og aftan



Glugga-vindhlífar



Leiðsögukerfi Toyota Touch 2



Dráttarbeisli



Heilsársdekk frá Goodyear

**Kynntu þér Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág innborgun**

**Tryggt framtíðarvirði**

**Fastar mánaðargreiðslur**

RAV4 gerir stormandi lukku hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota. Með öllum RAV4 bílum sem afhentir verða fyrir lok nóvember fylgir ævintýrlegur aukahlutapakki að verðmæti ríflega 560.000 kr. og þar að auki þrefaldir Vildarpunktur frá Icelandair.

Stormaðu til næsta söluaðila Toyota sem fyrst, fjöldi bíla er takmarkaður. Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

\*Alls 45.000 Vildarpunktur.

\*\*Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

**500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur**  
verður dreginn úr hópi þeirra sem fá nýja Toyotu afhenta í september\*\*



# Engin sniðganga í Reykjavíkurborg

Dagur B. Eggertsson þiggur ráð frá borgarstjóra Kaupmannahafnar um sniðgöngu. Frekari skref verða ekki tekin fyrr en eftir samráð.

**STJÓRN MÁL** „Viðbrögð við samþykkt borgarinnar voru meiri en þegar Íslands lýsti yfir stuðningi við sjálfstæða Palestínu, sem varð heimsfrétt.“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sem hefur viðurkennt mistök í samþykkt borgarinnar um sniðgöngu á ísraelskum vörum.

„Við vissum að það yrðu viðbrögð en þau hafa verið meiri en við bjuggumst við. Sér í lagi vegna þess að samþykktin er gerð í kjölfar ákvarðana annarra borga, svo sem Kaupmannahafnar og Árósa.“

Kaupmannahafnarborg ákvað að

sniðganga vörur frá hernumdum svæðum fyrr í sumar og þar hefur ákvörðunin ekki dregið jafn mikinn dilk á eftir sér. Dagur hefur viðurkennt að orðalag bókunarinnar hafi ekki verið nákvæmt, þar komi ekki nógu skilmerkilega fram að átt sé við vörur frá hernumdum svæðum. Það hafi þó verið ætlunin.

Hann hefur verið í símasambandi við borgarstjórnann í Kaupmannahöfn, Frank Jensen og þegið af honum ráð. „Það var áréttað af honum í fjölmiðlum og á fundum með ísraelska sendiherranum til hverra sniðgöngubannið

náði, aðeins til hernumina svæða. Við í borginni munum líka vera í samráði við utanríkisráðuneyti.“ Þætir Dagur við en ráðuneytið þurfti að áréttu utanríkisstefnu sína eftir samþykkt borgarinnar og að ákvörðunin væri ekki í samræmi við utanríkisstefnu Íslands og ekki heldur ekki til marks um tengsl Íslands og Ísraels.

Aðilar ferðapjónustunnar hafa helst orðið varir við upp-



Dagur B. Eggertsson.

nám vegna ákvörðunar Reykjavíkurborgar. Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar segir ferðaskrifstofur hafa fengið ótal fyrirspurnir og tölvupósta, afbókanir og haturspóst.

Þrjú þúsund ferðamenn frá Ísrael sóttu landið heim á síðasta ári. „Við höfum verið að byggja upp ímynd Íslands sem áfangastaðar. Þetta lýsir því vel hversu fljótt

orðið berst á tímum samfélagsmiðla.“ Hildur Sverrisdóttir, varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, sagði í gær að borgarstjóri hlyti að ihuga afsögn sína vegna samþykktar tillögunnar.

Dagur hefur ekki ihugað að segja af sér. „Ég hef viðurkennt að undirbúningi hafi verið áfátt og tek ábyrgð á því með tillögu um að fyrri samþykkt verði dregin til baka. Ekki verða tekin frekari skref fyrr en eftir nauðsynlegt samráð. Mér finnst þetta bysna stór orð hjá Hildi. Ég verð að segja það.“

kristjanabjorg@frettabladid.is

15. september	18. september	19. september	20. september
 <p><b>Kveðjutillaga Bjarkar samþykkt</b> um að undirbúa og útfæra sniðgöngu Reykjavíkurborgar á ísraelskum vörum á meðan hernám Ísraelsríkis á landsvæði Palestínnumanna varir.</p>	 <p><b>Dagur viðurkennir mistök</b> og telur að undirbúa hefði mátt sniðgöngu Reykjavíkurborgar á ísraelskum vörum betur.</p> <p><b>Fráleit ákvörðun</b> segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson um ákvörðun borgarinnar. Hún hafi þegar skaðað viðskiptahagsmunum Íslands.</p>	 <p><b>Áréttað um utanríkisstefnu</b> hjá utanríkisráðuneytinu. Ákvörðun borgarstjórnar ekki í samræmi við utanríkisstefnu Íslands og heldur ekki til marks um tengsl Íslands og Ísraels.</p> <p><b>Ríkisstjórnin fundar</b> og áréttar að ákvörðun borgarstjórnar sé ekki í samræmi við utanríkisstefnu Íslands og ekki heldur til marks um tengsl Íslands og Ísraels.</p> <p><b>Dagur vill draga til baka</b> tillögu um að sniðganga vörur frá Ísrael og segist ætla að breyta texta tillögunnar á fundi borgarráðs á fimmtudag. Það kom meðal annars fram í fréttum Stöðvar 2.</p> <p><b>Ákvörðunin hræsni</b> segir fyrrverandi fjármálaráðherra Ísraels í grein sem hann skrifaði í Fréttablaðið um ákvörðun borgarstjórnar.</p>	 <p><b>Fundi flýtt</b> að beiðni minnihluta borgarstjórnar. Aukafundur fékkst samþykktur á þriðjudag. Efni fundarins verða tillögur um að draga til baka samþykkt borgarstjórnar.</p> <p><b>Hlýtur að ihuga afsögn</b> segir Hildur Sverrisdóttir, varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, um borgarstjóra. Hann þurfi að endurvinnna traust borgarbúa.</p> <p><b>Dagur leitar ráða</b> hjá Frank Jensen, borgarstjóra Kaupmannahafnar. Hann segir næstu skref vera að draga tillögu um sniðgöngu til baka. Ekki verður lögð til bætt útfærsla tillögunnar.</p>

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



## SKEMMTILEGUR Á ALLA VEGU

Nýr ŠKODA Octavia frá 3.420.000 kr.

Íslendingar elska Škoda enda eru vandfundnari bílar sem henta íslenskum fjölskyldum betur. Þeir eru einstaklega rúmgóðir, sparneytnir, endingargóðir og frábærir í endursölu. **Komdu við hjá okkur í Heklu og prófaðu skemmtilega Škoda.**



Eyðsla frá 3,8 l/100 km



CO<sub>2</sub> frá 99g/km




5 stjörnur í árekstrarprófi EuroNcap



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílák Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is





## Ekki gleyma að láta skoða ferðavagninn!

Hafi vagninn ekki verið skoðaður fyrir 30. september næstkomandi leggst á hann vanrækslugjald hins opinbera.



**FRÍTT**

WI-FI, LJÚFFENG T GÆÐAKAFFI OG LITABÆKUR FYRIR BÖRNIN Á MEÐAN ÞÚ BIÐUR.

**16**

**2016**

**ÖRUGG  
BIFREIÐASKOÐUN  
UM ALLT LAND**

### Bifreiðaskoðanir - allar tegundir ökutækja

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðal-skoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjóna-skoðunum. Einnig sinnir það skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu. Starfsemi er á öllu landinu og eru starfræktar 32 skoðunarstöðvar í þeim tilgangi.



Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



- örugg bifreiðaskoðun um allt land



# SKOÐUN

## Mannréttindi handa öllum?



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Það er ekki fjarri lagi að segja að foreldrar séu stjórnvald í hverri fjölskyldu og í hverju heimilshaldi. Reyndar gegna foreldrar þessari ábyrgðarstöðu innan heimilisins ekki í krafti lýðræðis heldur aldurs, þroska og vonandi færni til þess að halda vel utan um fjölskyldu sína og heimili.

Foreldrum ber þannig að gæta þess að öllum liði vel og að allir njóti grundvallarréttinda, góðrar umönnunar og framtíðarmöguleika til þess að vaxa og dafna um ókomna tíð.

Hlutverk leiðandi stjórnvalds hvíðar þjóðar fyrir sig er ekki ósvipað þessu. Skyldur stjórnvaldsins eru að minnsta kosti sambærilegar og það veit hvert foreldri að ekki veit á gott að hygla sumum barna sinna en gefa í senn lítið fyrir hagsmunum og þarfir annars. Það felst kannski mikil einföldun í að bera saman stjórnvöld og foreldra með þessum hætti en stundum er líka gott að einfalda. Einföldunin getur gert okkur fært að horfa fram hjá flokkum og stefnum, einstaklingum og hagsmunatengslum. Við getum horft á stjórnvaldið og spurt okkur að því hvort það virði grundvallarmannréttindi allra íslenskra þegna? Því miður er svarið nei.

Árið 2007 skrifuðu íslensk stjórnvöld undir samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Ríkin sem skrifuðu undir samninginn „minnast meginreglna, sem kunngerðar eru í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem meðfædd göfgi og verðleikar og jöfn og óafsalanleg réttindi allra manna eru viðurkennd sem hornsteinn frelsis, réttlætis og friðar í heiminum, eins og segir í upphafi samningsins. Þetta er falllegt.

En þrátt fyrir göfug markmið íslenskra stjórnvalda hefur samningurinn ekki enn verið fullgiltur á Íslandi. Það er blátt áfram til skammar fyrir íslensk stjórnvöld. Það er ekkert flóknara en það og einföldunin á fullan rétt á sér þegar kemur að grundvallarmannréttindum. Foreldri sem segir Sigga litla að hann verði að biða eftir því að fá gleraugu, því það sé svo kostnaðarsamt að byggja upp fótboltaferilinn hjá Jóa bróður sem muni efalltíð ná hámarki með milljónasamningi í atvinnumennsku, er ömurlegt foreldri. Það geta einfaldlega allir verið sammála um.

Málið með samninginn um réttindi fatlaðs fólks er nefnilega að hann veitir fötludum alþjóðlega og lagalega vernd fyrir stjórnvaldi sem dregur lappirnar, vísar til efnahagsástands, fjárfestingakosta, vaxtavessens eða hvurn fjáránn sem afsökunin er hverju sinni. En auðvitað má hverri manneskju með sómatilfinningu vera slétt sama um slíkar afsakanir og undanbrögð. Annað hvort fer stjórnvaldið á fullt í að undirbúa fullgildinguna og innleiða hana hið snarasta eða ekki.

Nú þegar hafa 156 ríki fullgilt samninginn en Ísland og Finnland standa ein Norðurlandanna eftir með allt á hælunum. Í Finnlandi er reyndar unnið að undirbúningi á fullgildinguna en á Íslandi virðist forgangsröðunin vera einhver önnur. Hver sem hún er þá er hún röng. Svo einfalt er það.

Mannréttindi geta ekki verið aðeins fyrir meginþorra þjóðar fremur en að flestum í fjölskyldu sé tryggt mannsæmandi líf. Því hljóta allir með snefil af sómatilfinningu að leggja á eitt með að sjá til þess að íslensk stjórnvöld hefji þessa vinnu án frekari tafa og fyrirsláttar og tryggji öllum þegnum þjóðarinnar mannréttindi.

Halldór



### Frá degi til dags

#### Klaufalegur meirihluti

Nú hefur meirihluti borgarstjórnar Reykjavíkur, eða öllu heldur Dagur borgarstjóri, ákveðið að afturkalla tillögu Bjarkar Vilhelmsdóttur um að sniðganga ísraelskar vörur. Ástæðan er sú að tillagan var ekki skoðuð gaumgæfilega þegar hún var samþykkt af meirihlutunum. Í stjórnsýslu nútímans er vonandi að sveitarstjórnarmenn hvar sem þeir starfa á landinu taki afstöðu til mála út frá upplýstri umræðu með nægileg gögn í höndunum til að veita og meta kosti og galla þeirra tillagna sem uppi eru hverju sinni. Þessi skripaleikur í borgarstjórn Reykjavíkur er ekki meirihlutunum, borgarstjórnin í heild eða borgarbúum sæmandi. Þó er bót í máli að menn hafi séð að sér og ákveðið að draga til baka tillögu sem enginn veit hvað þýðir eða gerir.

#### Tveir milljarðar

Ríkisstjórn ákvað á fundi sínum síðastliðinn laugardag að veita tveimur milljörðum króna úr ríkissjóði vegna flóttamannastraums frá Sírylandi til Evrópu. Áhuga-vert er að bera það saman við orð heilbrigðisráðherra frá í síðustu viku. Kristján Þór Júlíusson sagði við Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur, fréttamann á Stöð 2, að hann gæti ekki tryggt fjármagn fyrir lyfjagjöf Fanneyjar Bjarkar Ásbjörnsdóttur, sem veiktist af lifrabólgu-C þegar henni var gefið sýkt blóð árið 1983. Þá sagðist Kristján Þór ekkert geta gert, fjárveitingarvaldið væri þingsins. sveinn@frettabladid.is

## Inntaka nemenda í framhaldsskóla



Tryggvi Gíslason  
fyrirverandi skólameistari MÁ

Lög um Menntamálastofnun voru samþykkt á Alþingi í sumar og hafa þegar tekið gildi og stofnunin þegar tekið til starfa. Þótt binda verði vonir við starf stofnunarinnar eru litlar líkur til að hún geti hjálparlaust ratað gegnum þann frumskóg og ótræði sem einkunnagjöf í grunnskólum og inntaka í framhaldsskóla er komin í.

#### Stjórnsýslustofnun

Stofnunin er stjórnsýslustofnun, eins og segir í lögum, og skal stuðla að auknum gæðum í skólastarfi. Forstjóri hefur til ráðuneytis sjö manna ráðgjafarnefnd sem ráðherra skipar til fjögurra ára. Forstjóri setur á fót fagræð helstu verksviða, skipuð sérfróðum aðilum, til ráðgjafar en ráðherra setur reglugerð um starf fagræða. Meginverkefni Menntamálastofnunar er að stuðla að umbótum í skólastarfi, safna upplýsingum og hafa eftirlit með - og meta árangur skólastarfs, veita upplýsingar og leiðbeiningar, sinna framkvæmd laga, reglugerða og annarra stjórnsýslufyrirmæla og veita ráðherra ráðgjöf. Hér er því um að ræða aukna miðstýringu í skjóli skrifræðis.

#### Hæfnismat

Framhaldsskólar fá ekki að nýta sér niðurstöður samræmdra prófa grunnskóla við inntöku nemenda, en einkunnir gefnar í bókstöfum. Menntamálastofnun stefnir hins vegar að því að bjóða nýtt hæfnismat, sem framhaldsskólar geta notað við inntöku. Ekki hefur þó verið ákveðið hvernig fyrirkomulag hæfnisprófa verður en þeim verður stýrt af nýrri Menntamálastofnun.

#### Ómyndugir framhaldsskólar – skólaping

Margt í stefnu Menntamálastofnunar – Menntamálaráðuneytis – vekur tortryggni. Huglægt hæfnismat verður í höndum Menntamálastofnunar og framhaldsskólar fá ekki að nota niðurstöður samræmdra prófa grunnskóla. Með þessu er verið að gera framhaldsskóla ómynduga og ósjálfstæða. Það er vond stefna. Til þess að rata gegnum frumskóg og ótræði, sem einkunnagjöf í grunnskólum og inntaka nemenda í framhaldsskóla er komin í, væri skynsamlegt að efnar þegar til skólaping þar sem fulltrúar kennara, nemenda og skólastjórnenda grunnskóla og framhaldsskóla ræða um færar leiðir í einkunnagjöf og inntöku í framhaldsskóla.



En auðvitað má hverri manneskju með sómatilfinningu vera slétt sama um slíkar afsakanir og undanbrögð.



# Ögurstund íslenskunnar



Guðmundur  
Andri Thorsson

Í síðustu viku vakti athygli viðtal hjá RÚV við Úlfar Erlingsson, yfirmann tölvuöryggisrannsókna hjá Google, en íslenskir starfsmenn þess fyrirtækis hafa séð til þess að íslenskan er eina litla tungumálið í heimi sem komið hefur verið fyrir í máltæknigrunninn þar.

Við eigum í vændum umhverfi og viðmót véla þar sem talað mál verður í æ ríkara mæli notað. Þegar fram líða stundir segjum við bílunum hvert hann eigi að fara, ryksugunni að fara að ryksuga – og hætta því – tölvunni að senda tölvupóst og auðvitað símanum að hringja. Haldi Íslendingar vöku sinni geta þeir búið til máltæknigrunn, eins og þegar er vísur að hjá Google, svo að hægt sé að notast við íslensku í samskiptum við hvers kyns vélar og tækni á nýrri öld. Þetta kostar um milljarð króna, á tíu árum að sögn vísindamanna; þekkingin er til. Haldi Íslendingar ekki vöku sinni gæti komið til þess fyrr en síðar að íslenskan deyi út sem lifandi tungumál.

## Eina þjóðin í heimi ...

Íslendingar eru eina þjóðin í heimi sem talar íslensku. Hætti þeir því einn góðan veðurdag hverfur jafnframt heill menningarheimur.

Það er ekki einkamál Íslendinga að varðveita þetta tungumál – en engin önnur þjóð getur gert það.

Menningararfur snýst ekki bara um gömul hús og ásýnd bæja; hann snýst heldur ekki bara um þekkingu á aflögðum amboðum, gömlum vinnubrögðum og handverki liðinna tíma; hann snýst ekki bara um gamla báta, gamla hnúta, gamla bragarhætti, gamla matargerð; allt er þetta að vísu mikilsvert og allt þarf þetta varðveislu og alúð, en varðveisla íslenskrar tungu á tækniöld snýst ekki um hið aflagða heldur hið ósæða. Þetta snýst um að menningin lifi af á tímum mikilla og stórfelldra breytinga á tækni og lífsmáta.

Íslensk tunga þarf að nýtast á okkar dögum en á ekki að vera safngripur, eins og viðskiptaráð stakk upp á í frægri endemisskýrslu. Íslensk tunga á ekki að vera vel faguð og snoturlega fyrirkomid á fálægum stað bak við gler á safni. Hún á að vera í spjaldtölvunni og



**Íslendingar eru eina þjóðin í heimi sem talar íslensku. Hætti þeir því einn góðan veðurdag hverfur jafnframt heill menningarheimur. Það er ekki einkamál Íslendinga að varðveita þetta tungumál – en engin önnur þjóð getur gert það.**

skjásímanum, á bilaverkstæðunum, hárgreiðslustofunum, íþróttavöllunum og skólalóðunum, í umferðinni, í músíkinni, í myndlistinni. Hún á ekkert endilega að vera hrein og gljáandi; það má ruglast í meðferð þágufalls og viðtengingarháttar og það má grípa til útlenskra orða og orðatiltækja til að skýra hugsun. Það má leika sér með málið – til þess er það.

Íslenskan er ekki útlenska og hún er ekki latína. Hún er lifandi mál en ekki dautt, opið kerfi en ekki lokað, lífheild en ekki dauður hlutur. Hún verður til í heilabúum, í hugsunum og hugmyndum, streymir svo fram úr puttum og í munni okkar sem hana notum en er ekki sött inn í skáp með hvítum hönskum til að skoða varlega undir útfjólubláu ljósi; íslenskan er í sífelldri sköpun okkar sem hana notum og daginn sem hún verður endanleg er hún dauð.

## Daglegt mál

Íslenskan þarf að vera mál sem við notum án þess að hugsa okkur um og án þess að setja okkur í einhverjar sérstakar stellingar. Eigi íslenskan að lifa þarf hún að vera daglegt mál. Hún hentar vel til þess. Þetta forna mál hefur lifað af ýmsar atlögur vegna þess að það er þjálgt og frjósamt, tekur við, lagar að kerfi sínu orð – og lagar kerfi sitt að nýjum veruleika. „Ótrygg er ögurstundin“, segir eitt af þessum gömlu orðatiltækjum sem við sækjum til náttúrunnar – „ögurstundin“ er andartakið milli flóðs og fjöru, en táknar líka úrslitastund. Nú þegar er allt umhverfi okkar, og þá sérstaklega unga fólksins, mjög ensku-



Guðmundur Andri segir að íslenskan eigi ekki að vera safngripur heldur eigi hún að vera hluti af okkar daglega lífi og nýjustu tækni. NordicPhotos/Getty

skotið, við verðum æ meira vör við enska hugsun sem stundum er þýdd með erfðismunum á íslensku og þannig mætti áfram telja. Ef til vill ræður þetta mál – hvort okkur verði gert kleift að eiga í samskiptum við vélar framtíðarinnar á íslensku – úrslitum um það hvort sú gamla lifir af á nýrri öld.

Menntamálaráðherra hleypti nýlega af stokkunum átaki til að efla lestur og læsi hjá ungu fólki. Það er ágætt. Reyndar veit ég ekki hvort það er í verkahring ráðherra að hlutast til um það hvort kennt skuli að lesa með bandprjóns-aðferðinni eða einhverjum öðrum aðferðum – mér er nær að halda að það skipti litlu máli hvaða tækni sé notuð til að kenna krökkum að lesa – svo lengi sem þess er gætt að

halda að þeim bókum, lesa fyrir þau af bókum eins mikið og mögulega er hægt; væri þess vegna hægt að kenna þeim standandi á haus; bara ef maður les og les og les fyrir þau – þá læra þau að lesa nánast af sjálfu sér og verða handgengin bókum. En góður er vilji ráðherra og óskandi að átaki hans fylgi vitundarvakning meðal landsmanna í þessum efnunum.

En stóra málið er líka þetta: að sjá til þess að Íslendingar noti málið daglega og í nánasta umhverfi sínu. Þar vantar enn nokkuð upp á, þó að á nýjustu fjárlögum sé að vísu gert ráð fyrir 30 milljónum króna til verkefnisins, sem sýnir vissan skilning stjórnvalda á því að hér sé um að ræða brýnt úrlausnarefni.

En betur má ef duga skal.

# Sparneytinn Kia cee'd í ábyrgð til 2022

7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum

## Hiti í stýri er staðalbúnaður

cee'd og cee'd Sportswagon eru tveir öflugir meðlimir Kia fjölskyldunnar. Sportswagon er rúmbetri og hentar því vel þar sem þörf er á meira rými fyrir farangur. Báðir eru þeir einstaklega sparneytnir og eyða frá 4,1 l/100 km. 7 ára ábyrgð er á öllum nýjum Kia bílum.

Kia cee'd bíður þín í Öskju, Krókhálsi 11. Komdu og prófaðu, við tökum vel á móti þér.

The Power to Surprise

Verð frá **3.240.777 kr.**

Eða **39.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði\*

Kia cee'd LX 1,4 — dísilbíll.

\*Mánaðarleg afborgun miðast við 25% útborgun og bílalan til 84 mánaða. 8,2% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,8%. Bílalanstólar eru viðmiðunarverð og geta breyst án fyrirvara.

**ASKJA** · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Fylgdu okkur á facebook.  
facebook.com/kiamotorsisland





Heimir Guðjónsson sveiktur eftir að Blikar skora annað markið sem tryggði sigurinn. Fréttablaðið/AntonBrink

# Kampavínið áfram í kæli

Breiðablik frestaði fagnaði FH-inga með því að vinna liðið í 20. umferð Pepsi-deildar karla. Leiknismenn eru í mjög vondum málum eftir skell í Lautinni og flotta endurkomu ÍBV gegn Val í Vestmannaeyjum.

**FÓTBOLTI** Breiðablik á ekki mikinn möguleika á að verða Íslandsmeistari karla í fótbolta, en liðið var samt staðráðið í því í gær að láta FH-inga ekki fagna titlinum á sínum heimavelli. FH þurfti aðeins jafntefli í Kópavoginum í gærkvöldi til að tryggja sér sjöunda Íslandsmeistaratitilinn en allt kom fyrir ekki.

Útlitið var gott þegar Atli Guðnason kom FH yfir á 72. mínútu með sínu 60. marki í efstu deild. Blikar svöruðu því með tveimur mörkum á næstu sex mínútum, en þar voru að verki Jonathan Glenn (en ekki hver?) og Damir Muminovic.

FH verður að biða í eina viku í það minnsta en verður meistari með því

að vinna Fjölni á heimavelli sínum í Kaplakrika næsta laugardag.

Blikar gulltryggðu Evrópusætið með sigrinum í gær, en það var þeirra aðalmarkmið. Arnar Grétarsson er, eins og flestir sem fylgjast með Pepsi-deildinni vita, búinn að smíða ansi gott fótboltalið í Kópavoginum.

Leikirnir gegn efstu liðunum hafa verið mjög flottir. Blikar náðu í jafntefli gegn FH á útivelli þar sem verðandi Íslandsmeistararnir jöfnuðu í uppbótartíma og unnu FH svo í gær.

Breiðablik gerði enn fremur tvö jafntefli við KR og vann Valsmenn í tvígang, 1-0. Þetta eru níu stig af tólf mögulegum gegn liðunum sem eru og voru í baráttu um titilinn.

## Leiknir í vandræðum

Nýliðar Leiknis eru í vondum málum þegar tvær umferðir eru eftir, en liðið er enn með fimmtán stig, nú fjórum stigum frá öruggu sæti eftir glæsilega endurkomu Eyjamanna í gærkvöldi sem tryggði þeim eitt stig gegn Val í Vestmannaeyjum.

Leiknismenn horfðu eflaust ágætlega björtum augum til síðustu þriggja leikjanna þrátt fyrir stöðuna, en liðið átti eftir leiki gegn Fylki, sem hefur verið slökkt á, og Keflavík, sem er löngu fallið.

En Fylkismenn dúkkuðu upp með stjórnuframmistöðu í Lautinni í gær og voru komnir 3-0 yfir gegn Leiknismönnum eftir hálf tíma. Leiknir hefur átt í miklu

basli með að skora í allt sumar og setti ekki sárabótarmark fyrr en í uppbótartíma.

Ástædan fyrir því að Leiknir hefur hangið í séns í fallbaráttunni þetta lengi er sterkur varnarleikur liðsins og skipulag. Það var aðeins búið að fá á sig 23 mörk eftir 18 umferðir, en nú er vörnin að opnast á versta tíma. Breiðhyltingar eru búnir að fá á sig sex mörk í síðustu tveimur leikjum og virðast stefna hraðbyri niður um deild.

Keflavík þarf enn fimm stig til að verða ekki slakasta liðið (hvað stigin varðar) í sögu tólf liða deildar. Þá er það aðeins fimm mörkum frá „markametinu“ yfir flest mörk fengin á sig í tólf liða deild. [tomas@365.is](mailto:tomas@365.is)

## Nýjast

### Pepsi-deild karla

**FH - Breiðablik 2-1**  
0-1 Atli Guðnason (72.), 1-1 Jonathan Glenn (74.), 2-1 Damir Muminovic (78.).  
Atli Guðnason skoraði 60. mark sitt í efstu deild en bikarinn bíður.

**Fylkir - Leiknir 3-1**  
1-0 Ragnar Bragi Sveinsson (21.), 2-0 Jóhannes Karl Guðjónsson (27.), 3-0 Ragnar Bragi Sveinsson (30. viti), 3-1 Sindri Björnsson (90.)  
Hinn annars mjög sterka Leiknisvörn er að opnast á lokasprettið en liðið er búið að fá á sig sex mörk í síðustu tveimur leikjum.

**Fjölnir - Víkingur 4-3**  
1-0 Kenni Chopart (23.), 2-0 Bergsveinn Ólafsson (28.), 3-0 Aron Sigurðarson (39.), 3-1 Ívar Örn Jónsson (44.), 3-2 Hallgrímur Mar Steingrímsson (46.), 4-2 Guðmundur Böðvar Guðjónsson (84.). Rautt: Gunnar Már Guðmundsson, Fjölni (45.+2).  
Þrátt fyrir tapið eru Víkingar öruggir um sæti sitt og spila þriðja tímabilið í röð í efstu deild.

**Keflavík - ÍA 0-4**  
0-1 Garðar Gunnlaugsson (15.), 0-2 Þórður Þorsteinn Þórðarson (24.), 0-3 Hallur Flosason (30.), Garðar Gunnlaugsson (50.).  
Keflvíkingar virðast ætla slá „stigma-metið“ með stæl og jafnvel „marka-metið“ líka.

**ÍBV - Valur 3-3**  
1-0 Jose Enrique (16.), 1-1 Patrick Pedersen (23.), 1-2 Sigurður Egill Lárusson (55.), 1-3 Kristinn Freyr Sigurðsson (60.), 2-3 Gunnar Heiðar Þorvaldsson (80.), 3-3 Ian Jeffs (82.).  
Patrick Pedersen (13) er með tveggja marka forskot á Jonathan Glenn í baráttunni um gullskóinn.

**KR - Stjarnan 0-3**  
0-1 Veigar Páll Gunnarsson (32. viti), 0-2 Guðjón Baldvinsson (46.), 0-3 Pablo Punyed (78.). Rautt: Stefán Logi Magnússon, KR (27.)  
KR hefur aðeins fengið tvö stig í síðustu þremur leikjum og á á hættu að missa Evrópusætið sitt.

Efri hluti	Fylkir	25
FH	ÍA	23
Breiðablik	Víkingur	22
KR	ÍBV	19
Valur	Leiknir	15
Fjölnir	Keflavík	7
Stjarnan		

### Neðri hluti

🐦 **Við stöndum saman allir sem einn! #skeidin#pepsi365**

Rögnvaldur Ágúst  
[@reginskytta](mailto:reginskytta)

# NICOTINELL FRUIT

**Ódýrasta Nicotinell lyfjatyggigúmmíið!**

